

## Minjaráðsfundur f. Norðurland vestra

6. október 2015, kl. 13, í Villa Nova, Sauðárkróki.

Mætt voru: Þór Hjaltalín, minjavörður, Guðný Hrund Karlsdóttir og Gunnsteinn Björnsson, fulltrúar SSNV, Guðmundur Lúther Hafsteinsson og Sigríður Sigurðardóttir, fulltrúar Þjóðminjasafns, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir og Ingibergur Guðmundsson, fulltrúar Minjastofnunar.

Fundargerð skráði Sigríður Sigurðardóttir.

Fundarefni.

1. Hlutverk minjaráðs og fyrirkomulag.

2. Verndarsvæði í byggð – Hugsanleg svæði á Norðurlandi vestra.

3. Önnur mál

1. Ráðsfulltrúar kynntu sig og ræddu ýmsar hugmyndir um hlutverk og leiðir varðandi starfsemi minjaráðs. Minjavörður sagði frá skipulagsvinnu á Hegranesþingi, Örlygsstöðum, Vatnsdal og Borgarvirki, sem miðast við aukna umferð ferðamanna og hvað þarf að gera á þessum stöðum. Sömuleiðis voru kynntir staðir sem Þjóðminjasafnið hefur sett í forgang til að bæta aðgengi og merkingar eins og í Nýja bæ á Hólum og í Bæjardyrhúsinu á Stóru-Ökrum og leggja gangstíga í Glaumbæ. Nokkuð var farið yfir hvaða væntingar menn hafa um starfsemi minjaráða.
  - Hlutverk ráðanna geta verið margvíslega ráðgefandi og sömuleiðis falist í að hvetja sveitarfélög og einstaklinga til góðra verka.
  - Nokkur umræða fór fram um það hversu langt minjaráð eigi að ganga í að framkvæma sjálft, eins og t.d. að finna fjármagn og standa fyrir ákveðnum verkefnum. Ljóst er að slíkt gæti fljótlega undið uppá sig og kostað mikinn tíma. Hugsanlega gæti minjaráð beitt sér fyrir fjármögnun verkefna en þjónustan þá keypt varðandi framkvæmd þeirra.
  - Minjaráð getur komið ábendingum til starfsmanna og fulltrúa sveitarfélaganna um ýmislegt sem betur má fara í mannvirkja- og minjaumhverfinu.
  - Minjaráð mætti stefna að því að kynna starfsemi ráðsins og ræða minjavernd í víðara samhengi t.d. á næsta ársþingi SSNV.
  - Minjaráð ætti að setja fram lista yfir mál/málefni og forgangsráða verkefnum eftir honum.
  - Minjaráð ætti að kalla eftir og hvetja til heildarsýnar í skipulagsmálum og hvetja sveitarfélögin til að vinna saman að stefnumörkun í þessum málaflokki.
  - Tengslanet verður virkt á milli minjaráðsfulltrúa og minjavörður verður upplýsingaveita ráðsins. Samskiptin verða fyrst um sinn í gegnum netpóst.
  - Rætt var um að minjaráð væri vettvangur þar sem ráðsmeðlimir gætu sett sig vel inn í málaflokkinn til góðs fyrir stjórnslu svæðisins. Heppilegt getur verið að fjalla um ákveðin þemu á minjaráðsfundum, eins og t.d. lagaumhverfið varðandi húsa- og fornleifavernd, menningarminjar í skipulagi, skráningu fornleifa, mannvirkja og húsa.
  - Næst verður fundað 1. desember 2015 á Hólum í Hjaltadal. Þema fundarins verða byggða- og húsakannanir og staða mála varðandi skráningu húsa og mannvirkja á Norðurlandi vestra. Einnig verður áframhaldandi umræða um verndarsvæði í byggð.
  - Stefnt er að því að ræða sérstaklega um málefni minjaráða á næsta sviðsfundi minjavarða í nóvember. Þar verður farið yfir þau viðhorf og tillögur sem komið hafa fram á fundum minjaráða hringinn í kringum landið, um hlutverk og tilgang ráðanna. Niðurstaðan af sviðsfundi minjavarða verður kynnt minjaráði Norðurlands vestra á næsta fundi.

2. Lög um verndarsvæði í byggð voru rædd og hugað að skyldum sveitarfélaganna. Verndarsvæði í byggð snúast um að skerða ekki möguleika svæðanna heldur auka verðgildi þeirra. Minjaráð á að skilgreina verðmæti í byggð og benda á möguleika.
  - Ýmsir staðir og svæði á Norðurlandi vestra voru nefndir sem hugsanlega ættu að verða verndarsvæði í byggð. Ekki aðeins gæti þetta átt við um gamla bæjarkjarna í kaupstöðum, heldur einnig um strjálfi byggðir og menningarlandslag sem vert er að stuðla að varðveislu á.
3. Önnur mál voru ekki rædd að þessu sinni.

Fundi slitið kl. 15.00